

STARFSHÓPUR UMHVERFISRÁÐHERRA UM
VERNDUN OG ENDURREISN
SVARTFUGLASTOFNA



GREINARGERÐ OG TILLÖGUR
STARFSHÓPSINS

UMHVEFISRÁÐUNEYTIÐ 2011

EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	3
Samantekt á tillögum starfshópsins	5
Íslenskir svartfuglar – staða og stofnþróun.....	7
Svartfugl.....	7
Lundi	9
Teista	11
Próun í veiði svartfugla, lunda og teistu.....	11
Helstu áhrifaþættir	15
Veiðar	15
Fiskveiðar.....	16
Ágengar og framandi tegundir	17
Samkeppni	17
Landnotkun.....	18
Loftslagsbreytingar	18
Mengun	19
Sjálfbærar veiðar	20
Aukin verndun fuglastofna	21
Tillögur starfshópsins	23
Viðaukar við tillögur starfshóps um svartfugla.	27
Viðauki A.....	29
Sérálit fulltrúa Umhverfisstofnunar	29
Viðauki B.....	31
Sérálit fulltrúa Skotvís.....	31
Viðauki C.....	37
Úrsagnarbréf fulltrúa Bændasamtaka Íslands.....	37

INNGANGUR

Umhverfisstofnun skipaði með bréfi dagsettu 12. september 2011 starfshóp til að gera tillögur um aðgerðir sem stuðlað geti að endurreisn svartfuglastofna (lunda, teistu, álku, langvíu og stuttnefju) hér við land og styrkja verndun og sjálfbæra nýtingu þeirra. Aðdragandi skipunar starfshópsins er breyting á varpi sjófugla, og hrún í stofnum. Í starfshópnum voru skipaðir eftirtaldir aðilar:

Arnbjörn Garðarsson tilnefndur af Fuglavernd,
Guðbjörg H. Jóhannesdóttir tilnefnd af Bændasamtökum Íslands,
Guðmundur A. Guðmundsson tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands,
Menja von Schmalensee sem formaður nefndar um endurskoðun laga nr. 64/1994,
Sigurður Á. Þráinsson umhverfisstofnunar og formaður starfshópsins,
Steinar RB Baldursson tilnefndur af Umhverfisstofnun og
Sæunn Marinósdóttir tilnefnd af Skotveiðifélagi Íslands.

Í ljósi alvarlegrar stöðu svartfuglastofnanna hér við land síðustu misseri var starfshópnum sérstaklega falið að fjalla um veiðar og nýtingu svartfugls og hvort breytingar á lögum eða reglum er varða nýtingu á svartfugli, þ.m.t. eggjatöku, geti komið að gagni við endurreisn svartfuglastofna hér við land og þá með hvaða hætti það megi verða. Starfshópnum var falið að skila tillögum sínum til umhverfisstofnunar eigi síðar en 31. október 2011.

Starfshópurinn kom saman til fyrsta fundar 21. september og hélt átta fundi. Sæunn Marinósdóttir forfallaðist í upphafi starfsins þannig að formaður Skotvís Elvar Árni Lund, Arne Sólmundsson og Kristján Sturlaugsson sóttu fundi starfshópsins í hennar stað. Auk þess sótti Elías Blöndal Guðjónsson einn fund í fjarveru Guðbjargar H. Jóhannesdóttur. Starfshópurinn fór yfir stöðu og þróun stofna svartfugla, lunda og teistu, þróun í veiði einstakra tegunda og hvaða upplýsingar megi lesa úr veiðiskýrslum veiðimanna. Hópurinn fékk kynningu á lundarannsóknum, þ.m.t. á ábúðarhlutfalli og varþarangri stofnsins, frá Erpi S. Hansen og kynningu á starfi nefndar sem vinnur að því að taka saman ábendingar um þau atriði sem talið er mikilvægt að breyta í vernd, friðun og veiðum á villtum fuglum og villtum spendýrum. Starfshópurinn fjallaði sérstaklega um sjónarmið skotveiðimanna og sjónarmið og hagsmuni landeigenda og þeirra sem hafa staðfestan rétt til nýtingar hlunninda með fuglaveiði. Þá hélt fulltrúi Skotvís kynningu á fundi sem tók á veiðistjórnun og úthlutun á fé til rannsókna. Kjartan Ingvarsson lögfræðingur í umhverfisstofnunaruneytinu kom á fund starfshópsins til að ræða við nefndina um ákvæði 20. greinar laga nr. 64/1994 og þýðingu hennar fyrir veiðistjórnun og gildissviði laganna. Starfshópurinn hélt átta tveggja til þriggja klukkutíma fundi og vann auk þess að greinargerð og tillögum utan fundartíma.

Af þeim gögnum og upplýsingum sem starfshópurinn hefur farið yfir og fjallað um er ljóst að undanfarin 15-25 ár hafa orðið verulegar breytingar í stofnum sjófugla. Í ætt svartfugla eru langlífir tegundir sem verða seint kynþroska (4-8 ára). Viðkoma er lítil; hámark 1 egg á þar á ári (nema teista sem verpur tveim), afföll á eggjum og ungum eru mikil. Lífslíkur ókynþroska fugla eru um 30-50% fyrstu fjögur árin. Lífslíkur varpfugla eru háar (oft um 90%-95% á ári) og þegar varpstofn er stöðugur er nýliðun því um 5-10% á ári. Nýlegt endurmat á stærð bjargfuglastofna sýnir 18-43% fækkun í stofnum álku, langvíu og stuttnefju á síðustu 25 árum. Einnig benda niðurstöðurnar til þess að hreyfanleiki milli svæða geti verið nokkur, þannig að ekki er um aðskilda stofna að ræða milli svæða.

Nýliðun lundastofnsins síðustu ár hefur verið hverfandi og mældist algjör viðkomubrestur á Austur-, Suður- og Vesturlandi árið 2011, en þar er um 75% af lundastofninum. Auk þess hefur komið í ljós að hlutfall fullvaxinna lunda í afla á Suðurlandi er um 30% en ekki um 8% eins og talið hefur verið.

Meirihluti starfshópsins (fulltrúar Fuglaverndar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, nefndar um endurskoðun laga nr. 64/1994 og umhverfisráðuneytisins) bendir á að hnignun þessara fimm stofna hefur verið veruleg undanfarin 10-15 ár og dregur í efa að stofnarnir séu sjálfbærir þannig að þeir þoli veiðar án þess að það gangi frekar á þá. Forsendur fyrir nýtingu þeirra, hvort sem er með skotveiðum eða hlunnindanýtingu, eru þar af leiðandi ekki lengur fyrir hendi. Starfshópurinn telur mikilvægt að gripið verði til aðgerða þegar í stað til þess að auka verndun þessara tegunda meðan stofnarnir eru á niðurleið og þar til þeir hafa jafnað sig og varp og nýliðun komin í horf sem talist getur eðlilegt.

Meirihluti starfshópsins telur nauðsynlegt að stöðva tímabundið veiðar og nýtingu þessara fimm tegunda sem hann fjallaði um. Minnihluti hópsins (fulltrúar Skotvís og Umhverfisstofnunar eftir atvikum) tekur undir nauðsyn þess að friða teistu og lunda tímabundið fyrir veiðum og nýtingu en telur hins vegar að það nægi að draga tímabundið úr veiðum á svartfugli. Þá er starfshópurinn sammála um að mikilvægt sé að auka vöktun og rannsóknir á þessum tegundum sjófugla m.a. í þeim tilgangi að styrkja verndun og stjórn á sjálfbærri nýtingu þeirra. Auk þess telur starfshópurinn nauðsynlegt að umhverfisráðuneytið taki upp samstarf við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið um áhrif fiskveiða og fiskveiðistjórnunar á fuglastofna og til þess að leita leiða til að draga úr fugladauða í veiðarfærum.

Á lokastigi starfs starfshópsins 12. desember, þegar greinargerð og tillögur starfshópsins lágu fyrir, tilkynnti Guðbjörg H. Jóhannesdóttir fulltrúi Bændasamtaka Íslands að hún segði sig frá starfi hópsins að ósk stjórnar samtakanna á grundvelli þess að í skýrslu hópsins væri að mati samtakanna að finna niðurstöður í tengslum við réttindi landeigenda varðandi hlunnindanýtingu, sem samtökin gætu ekki tekið undir. Samtökin eiga því ekki aðild að skýrslu þessari.

Samantekt á tillögum starfshópsins

Starfshópurinn leggur til að gripið verði til eftirfarandi aðgerða:

1. Starfshópurinn leggur til að teista verði friðuð fyrir öllum veiðum næstu fimm árin.
2. Starfshópurinn leggur til að lundi verði friðaður fyrir öllum veiðum næstu fimm árin.
3. Meirihluti starfshóps leggur til að þegar veiðar á lunda hefjast á ný verði veiðitími fyrir hlunnindaveiði í háf endurskoðaður.
4. Meirihluti starfshópsins leggur til að svartfuglar (langvía, stuttnefja, álka) verði friðaðir fyrir öllum veiðum, þ.m.t. eggjatöku, næstu fimm árin. Sérálit frá Skotvís og Umhverfisstofnun í viðaukum A-B.
5. Starfshópurinn leggur til að vöktun þessara fimm tegunda sjófugla verði stórefld og fylgst verði með þróun stofna þeirra til þess að hægt verði að endurmeta ástandið að fimm árum liðnum. Þá er lagt til að sett verði skýr stjórnunarmarkmið til framtíðar fyrir þessar tegundir og viðmið fyrir þau skilyrði sem tegundirnar þurfa að uppfylla til þess að veiðar megi hefja að nýju (viðmið um nýliðun og stofnstærðir). Sjá einnig tillögur frá Skotvís í viðauka B.
6. Meirihluti starfshópsins leggur til að þegar veiðar hefjast á ný verði tímamörk skv. 17. gr. laganna fyrir afléttun friðunar allra fimm tegunda sem fjallað var um endurskoðuð og jafnframt hugað að öðrum aðgerðum sem stuðlað geti að verndun og sjálfbærri nýtingu þeirra. Sérálit frá Skotvís í viðauka B.
7. Starfshópurinn leggur til að veiðiskýrslur verði mun ítarlegri, þannig að upplýsingar fáiast um tegund veiða, tegund veiðarfæra, og tímasetningu veiða
8. Starfshópurinn leggur til að gerð verði sú breyting á veiðikortakerfinu að þeir sem tíni egg skuli hafa veiðikort og eggjataka verði skráningar-skyld.
9. Starfshópurinn leggur til að áréttað verði að ruðningur eggja úr fugla-björgum er bannaður.
10. Meirihluti starfshópsins leggur til að gripið verði til almennra aðgerða til þess að styrkja friðun og uppbyggingu stofna lunda, svartfugls og teistu. Hópurinn bendir á að fjöldi fuglabyggða er innan friðlýstra svæða sem njóta ákveðinnar verndar. Þrátt fyrir það hefur veiði á ákveðnum svæðum verið stunduð í miklu magni. Sérálit frá Skotvís í viðauka B.

11. Starfshópurinn leggur til að ákvæði laga nr. 64/1994 um að óheimilt sé að selja, kaupa og gefa fugl sem drepst í netum sem ætluð eru til fiskveiða eða veiði á kópum verði framfylgt af meiri ákveðni. Jafnframt verði því fylgt eftir að fiskiskip og bátar skrái veidda fugla í afladagbækur eins og gert er ráð fyrir og tekið verði upp samstarf við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið um að kanna umfang fugladauða í veiðarfærum og leita leiða til þess að draga úr honum.
12. Starfshópurinn leggur til að fjarlægðarmörk banns við skotveiði og truflun við fuglabjörg verði færð úr 500 metrum í 2 km á sjó og athugað hvort þörf sé á endurskoðun marka á landi. Sjá tillögur frá Skotvís í viðauka B.
13. Starfshópurinn leggur til að átak verði gert í að fræða almenning og veiðimenn um veiðilöggjöfina, lifnaðarhætti og líf- og vistfræði svartfugla, teistu og lunda og um inntak sjálfbærrar nýtingar.


Forsenda meirihluta starfshópsins fyrir því að friða tegundirnar fimm, m.a. að fella úr gildi heimildir til að veiða, eru vísbendingar um að veiðar við núverandi ástand séu ósjálfbærar. Þetta álit er byggt á eftirfarandi staðreyndum og vísbendingum:

- Stofnarnir hafa hnignað samfelld um árabíl á landsvísu.
- Nýliðun hefur minnkað (yfir heildina á landsvísu) og flest bendir til að við núverandi ástand sé nýliðunin ekki nægjanleg til að vega upp á móti afföllum vegna veiða, en slíkt er skv. lögum forsenda þess að aflétta friðun.
- Um langlífur tegundir er að ræða, sem hefja varp seint (4-8 ára) og hafa litla árlega frjósemi. Endurheimt á fyrri stofnstærð þegar eða ef fæðuskilyrði breytast mun því væntanlega taka langan tíma. Þetta er ástæða þess að friðunin skuli standa í fimm ár áður en staðan verði endurmetin.
- Margt bendir til þess að ekki sé um aðskilda stofna milli landshluta að ræða. Því verður friðunin að gilda á landsvísu en ekki einungis taka til afmarkaðra svæða. Nauðsynlegt er að trufla ekki þá varpsaði sem ganga vel, þegar heildartilhneigingin í stofninum er hnignun.

Álit minnihluta nefndarinnar má finna í viðaukum aftast í skýrslunni.

ÍSLENSKIR SVARTFUGLAR – STAÐA OG STOFNÞRÓUN

Svartfuglaætt Alcidae er ein ætt lóubálksins Charadriiformes, en aðrar ættir eru m.a. lóur, snipur, máfar, þernur og kjóar. Flestar tegundir svartfuglaættar eru búsettar í Kyrrahafi, en í Atlantshafi og N-Íshafi eru alls sex tegundir auk geirfugls *Pinguinus impennis*, sem er útdauð. Þrjár núlifandi tegundir, langvía *Uria aalge* (um 1.000 g), stuttnefja *Uria lomvia* (um 900 g) og álka *Alca torda* (um 700 g), eru að mörgu leyti líkar, verpa í björgum og nefnast einu nafni svartfugl. Stærstu byggðirnar eru Látrabjarg, Hornstrandabjörgin og Grímsey. Svartfuglinn étur aðallega uppsjávarfisk (sandsíli, loðnu, síld) og krabbadýr (ljósátu og marflær). Lundinn *Fratercula arctica* (um 500 g) étur mest sandsíli og loðnu auk svifkrabbadýra. Haftyrðill *Alle alle* (um 170 g) er aðallega í Norður Íshafi og nærast á svifkrabbadýrum. Teistan *Cepphus grylle* (um 500 g) er ólík öðrum svartfuglum að því leyti að hún er grunnsævisfugl sem leitar sér einkum ætis við botn.




1. mynd. Dreifing svartfuglabbyggða um landið, hringir sýna stærri fuglabjörg en ferningar sýna dreifðar sjófuglabbyggðir.


Svartfugl

Um þessar mundir er að ljúka yfirlitskönnun á íslenskum bjargfuglastofnum (1. mynd). Verkefnið var unnið af Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Hafrannsóknastofnuninni með styrkjum frá Rannsóknasjóði Rannís og Veiðikortasjóði umhverfisráðuneytis. Náttúrustofur Reykjaness, Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra og Norðausturlands studdu við framkvæmdina með ráðum og dáð.

Verkefnið beindist einkum að því að kanna hvernig stofnar og dreifing fimm algengra íslenskra sjófuglategunda (langvíu, stuttnefju og álku, auk fýls og ritu), breyttust á tveim áratugum, eða frá tímabilinu 1983-1986 til 2006-2008. Einnig voru lögð drög að reglubundinni vöktun þessara stofna í framtíðinni.



2. mynd. Breytingar á stærð stofna fýls, ritu, langvíu, stuttnefju og álku á 20 árum frá 1983-6 til 2005-2008.



Öllum fimm tegundunum hefur fækkað frá miðjum níunda áratugnum (2. mynd). Ritu og álku fækkaði minnst, eða um 16% og 18%, fýl og langvíu um 30% en stuttnefju um 44%. Breyting á fjölda er ekki jöfn milli staða og tegunda (3. mynd). Fýl hefur fækkað um 30-40% frá Ingólfshöfða vestur og norður um til Húnaflóa, en virðist standa nokkurn veginn í stað þaðan austur og suður ströndina. Ritu fækkar víða, en langmest á Langanesi (um 70%) og Suðausturlandi (80%). Fjöldinn virðist standa í stað á Snæfellsnesi og Hornströndum en hefur aukist nokkuð suðvestanlands og allvíða norðanlands. Langvíu fækkar um 30-40% víðast hvar á vestanverðu landinu, frá Mýrdal vestur á Hornstrandir, en stendur næstum í stað fyrir austan. Stuttnefju fækkar víðast hvar mikið, langmest á Reykjanesskaga og Norðausturlandi. Álka sýnir staðbundnar breytingar, henni fækkaði mikið í Látrabjargi og á Hornströndum en fjölgaði að sama skapi í Grímsey og einnig víðar norðanlands og á Suðausturlandi.


Rétt þótti að kanna fækkun bjargfugla nánar og var það gert í júní 2009 og talningar endurtekna í Látrabjargi. Í ljós kom að svartfuglinum þar hafði hriðfækkað frá því árið 2006. Árleg fækkun 2006-2009 var sem hér segir: langvía 7%, stuttnefja 24%, álka um 20%. Þessi niðurstaða kallar á frekari rannsóknir (einkum tíðari talningar) til þess að unnt verði að fylgjast náið með framvindu stofnanna næstu árin og stýra nýtingu samkvæmt því.

Lundi

Lundi er líklega algengasta fugla- tegund Íslands og er áætlað að 50% af heimsstofni lunda verpi hérlendis eða um 2,5 miljónir para. Stærsta lundavarpstöðin er í Vestmannaeyjum en þar eru um 20% af heimsstofninum eða u.þ.b. 900.000 lundapör en þar eru um 1.150.000 varpholur. Aðrar stórar eyjar eru einnig mikilvægar lundabyggðir, t.d. eru um 200.000 holur í Skróðnum og 150.000 í Papey með úteyjum. Lundi er mest veidda fuglategund á Íslandi og er u.þ.b. helmingur veiðinnar í Vestmannaeyjum (4. mynd) eða yfir 100.000 fuglar árlega að meðaltali árin 1995-2004 (óútgefnar veiðidagbækur Bjargveiðifélaga Vestmannaeyja í vörslu Náttúrustofu Suðurlands og veiðitölur Umhverfisstofnunar). Á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹ segir að árin 2003-2008 hafi að meðaltali 250 veiðimenn tilkynnt árlega veiði á 184 þúsund lundum á landinu öllu. Ljóst er að hlutdeild Vestmannaeyja í veiðinni (4. mynd) og í fjölda þeirra sem þar veiða lunda er vanskráð. Mikil ofveiði með netum og greflum hafði verið stunduð um árabíl áður en háfaveiðar hófust 1875, en veiðar með háf byggjast á stofni 2-4 ára ungfugla². Samkvæmt veiðidagbókum hefur veiði í Eyjum aldrei áður brugðist á sambærilegan hátt og síðustu ár. Nær engin nýliðun hefur orðið hjá lunda í Vestmannaeyjum fimm síðastliðin ár³ sem álitid er orsakast af mikilli fækkun sandsílis, en lundinn étur nær eingöngu síli í venjulegu árferði⁴.

Á árunum 1983 til 1994 var unnið að undirbúningi að stofnstærðarmati fyrir lunda. Matið byggir á margfeldi flatarmáls lundabyggða, þéttleika varphola og ábúðarhlutfalls. Aðferðir voru prófaðar og mikill hluti allra lundabyggða kortlagður. Þróun aðferða tók langan tíma og kom þar meðal annars til að lundinn fer mjög huldu höfði og lundastofninn skiptir milljónum, en einnig voru miklir tæknilegir örðugleikar sem fylgdu loftmyndatöku með mikilli upplausn.

Sjófuglar flytja næringarefni frá úthafinu að landi og upp á land og hafa þannig sýnileg áhrif á gróðurfar. Niturkærar rauðgular fléttur (*Xanthoria*



4. mynd. Lundaveiði í Vestmannaeyjum og landsveiði frá 1995 til 2010. Þegar veiðigögn frá veiðifélögum í Vestmannaeyjum eru skoðuð kemur í ljós að árið 1998 og 2005 er veiði í Vestmannaeyjum jafnmikil eða næstum jafnmikil og heildarveiði á lunda á landinu þrátt fyrir að tölur veiði sé skráð í öðrum landshlutum. Línurit: ESH

¹ www.ust.is

² Evar Petersen 1976, *Ornis Scandinavica* 7:185-192

³ Erpur S. Hansen o.fl. 2009, *Veggspjald*, 10. alþjóðaráðstefna Seabird Group, Bruges


⁴ Valur Bogason og Kristján Lillindahl 2009, *Hafrannsóknir* 145, 36-41

spp.) og áburðarfrekar jurtir svo sem sveifgrös, skarvakál, ætihvönn, baldursbrá og túnffill eru ríkjandi í mörgum sjófuglabyggðum. Lundinn verpur yfirleitt í holum sem hann grefur í jarðveginn og dregur sinu af yfirborðinu niður í holuna til að fódra hreiðrið. Þannig hefur hann mikil áhrif á gróðurinn með flutningi áburðarefna, gróðurleifa, umturnun jarðvegs, framræslu og loftun. Áhrifin sjást vel á venjulegum litmyndum og innrauðum myndum og henta því vel til fjarkönnunar og kortlagningar.

Aðferðir eru nú komnar á hreint. Undirstaða þeirra er upprétt loftmyndataka snemma vors (þegar lundabyggðirnar eru grænar en annar gróður hefur ekki tekið við sér) og kortlagning. Útlínur lundabyggða eru afmarkaðar og flatarmál þeirra mælt. Síðan er farið á vettvang á völdum stöðum og lundaholur taldar á reitum, auk þess sem ábúðarhlutfall er kannað. Kortlagning liggur nú fyrir af flestum lundabyggðum en enn er eftir að ljósmynda allmargar eyjar á Breiðafirði, Ströndum og fyrir Norðurlandi.

Varpárangur (5. mynd) og ábúðarhlutfall hafa verið vöktuð árlega í Vestmannaeyjum síðan 2007 og úrvinnsla á dánartölum úr merkingagögnum er vel á veg komin⁵. Mæling lundabyggða Vestmannaeyja er á lokastigi⁶. Ábúðarhlutfall lunda hefur verið metið á hefðbundinn hátt út frá ummerkjum í og við varpholuna. Nú hefur komið í ljós með notkun holu-myndavélar að slíkt mat leiðir til talsverðs ofmats sem þarf að leiðrétta. Ástæða þessa er að ekki er orpið í allar holur þrátt fyrir að umgangur sé um þær, og virðist þetta

a.m.k. eiga við nú í viðvarandi fæðuskorti á varptíma. Almenn hefur verið talið að ábúðarhlutfall sé fremur stöðugt (um 70%) og byggir það aðallega á rannsóknum MP Harris og samstarfsmanna á Isle of May við Bretland⁷. Ábúðarhlutfall í Vestmannaeyjum 2007 til 2009 var 40%, 62% og 50% en ekki eru til sambærilegar tölur frá fyrri árum.



5. mynd. Viðkoma og stofnstærð lunda (í þúsundum varppara) árið 2011. Algert hrun varð í varpárangri við Suður og Vesturland hjá um 1,9 milljón pörum af lunda (rauðir punktar) meðan viðunandi árangur var við Norðurland hjá um 600 þúsund pörum (grænir punktar). Línurit ESH.

⁵ Erpur S. Hansen o.fl. 2009, Hálfván H. Helgason o.fl. 2009, Veggspjald, Ráðstefna Liffæðifélags Íslands

⁶ Erpur S. Hansen og Arnþór Garðarsson 2011 í prentun Bliki 31

⁷ Harris 1984

Hrun lundastofns við N-Noreg átti sér stað í lok áttunda áratugs síðustu aldar sem rakið var til fæðuskorts. Lundastofninn í N-Noregi hefur nú rétt aftur úr kútnum, en mikillar fækkunar lunda við Færeyjar varð vart um miðjan níunda áratug síðustu aldar og stendur enn. Nú hafa Færeyingar friðað lunda tímabundið með banni á veiðum.

Teista

Teistan er grunnsævisfugl og verpur í klettagjótum, urðum og sprungum. Erfitt er að meta stærð stofnsins og áhrif veiða á hann en gróflega hefur verið áætlað að íslenski stofninn sé kringum 10.000-20.000 pör. Fremur lítið er vitað um stofnþróun hjá teistunni en vöktun teistu í Flatey⁸ og á Ströndum⁹ bendir sterklega til talsverðrar fækkunar allmörg síðustu ár. Samkvæmt veiðitölum Umhverfisstofnunar var meðalveiði árin 1995-2010 rúmlega 3.000 teistur undanfarin ár en rúm 5.000 þegar mest var. Skv. því er skotveiðiálagið verulegt (allt að 10-15%). Afföll vegna drukknunar í veiðarfærum, einkum í hrognkelsanetum, eru af talin af svipaðri stærðargráðu skv. endurheimtum fuglamerkja¹⁰.

Íslenskir sjófuglastofnar eru um fjórðungur allra sjófugla í N-Atlantshafi og hafa því ótvírætt vægi á alþjóðlegum mælikvarða. Gögn úr þessari könnun hafa þegar verið lögð fyrir starfsnefndir á vegum Alþjóðahafranssóknaráðsins (ICES) og Norrænu ráðherranefndarinnar. Helstu niðurstöður hafa verið kynntar á ráðstefnum hér innanlands og erlendis. Á næstunni verða birtar yfirlitgreinar þar sem fjallað verður um helstu niðurstöður stofnmatsins og reynt að útskýra orsakasamhengi.

ÞRÓUN Í VEIÐI SVARTFUGLA, LUNDA OG TEISTU


Veiðar á sjófuglum hafa verið stundaðar frá landnámi. Stærstur hluti lunda-veiða fer fram með háf en einnig er lundi skotinn ásamt teistu og svartfugli. Frá því að skráning veiði var tekin upp hér á landi árið 1995 með gildistöku laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum hefur veiði svartfugls, lunda og teistu farið stöðugt minnkandi eins og gerð er grein fyrir hér á eftir.

Veiðar á lunda hafa í gegnum tíðina verið langmestar á Suðurlandi, sérstaklega í Vestmannaeyjum, enda er þar lang stærsta lundabyggð landsins með um 900.000 varppörum. Lundaveiði hefur dregist verulega saman og var árið 2010 aðeins 21% (43.000) af því sem hún var árið 1995 (215.000, 6. mynd). Ljóst er á gögnum frá lundaveiðifélögum í Vestmannaeyjum að skráningu veiðiskýrslna er verulega ábótavant a.m.k. sum ár (4. mynd).

⁸ Ævar Petersen 2001, bls 212-213 í *Arctic flora and fauna, CAFF, og pers. uppl.*

⁹ Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 2006. *Breytingar á varpútbreiðslu og stofnstærð teistu á Ströndum. Náttúrufræðingurinn 74: 69-80*

¹⁰ *Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn*




6. mynd. Heildarveiði á lunda frá 1995 til 2010 og skipting lundaveiði eftir landshlutum frá 1998 til 2010 skv. veiðiskýrslum.

Samhliða þessari þróun í veiði hefur veiðimönnum sem skila inn veiðiskýrslum um lundaveiði fækkað úr 700-800 í tæpa 600. Meðalveiði hefur einnig fallið verulega, mest var hún árið 1996 eða 278 lunda á mann en er í dag 56 fuglar. Þegar tölur yfir þá sem eingöngu veiða lunda (fleiri en 120 fugla) eru skoðaðar má sjá að 10% veiðimanna veiða 41-68% aflans. Draga má þá ályktun að þetta séu hlunnindaveiðar í háf. Umfang skotveiða á lunda er óþekkt, en er að líkindum mjög lítið.


Í Vestmannaeyjum hefur háfaveiði lunda verið takmörkuð frá 2008 með aðgerðum landeiganda, sem er sveitarfélagið. Árið 2008 var veiðitíminn stytur niður í þriðjung, úr 45 dögum í 15. Árið eftir var gert samkomulag við veiðimenn um frekari styttingu veiðitíma niður í fimm daga. Veiðitíminn var eins árið 2010 en árið 2011 voru allar lundaveiðar bannaðar í Vestmannaeyjum. Bæjarstjórn byggði ákvarðanir sínar um takmörkun lundaveiðinnar á niðurstöðum rannsókna Náttúrustofu Suðurlands á viðkomu lunda sem hefur verið léleg og síversnandi sjö undanfarin ár með algerum viðkomubresti 2010 og 2011. Langflestir veiðimenn sýndu styttingu veiðitímans skilning og hafa þeir verið hvatamenn að rannsóknum á lundanum í Eyjum.

Veiði á langvíu hefur einnig dregist verulega saman miðað við það sem var þegar skráningar hófust í veiðiskýrslur (7. mynd). Veiðin var nokkuð stöðug fram til 2004 en þá dró verulega úr veiðum. Veiðarnar 2010 voru rétt um 35% af því sem þær voru árið 2000 þegar mest veiddist eða um 66.000 fuglar. Fyrir 2004 voru að meðaltali um 1.300 manns sem veiddu langvíu en eftir 2004 fækkaði þeim verulega og hafa að meðaltali verið um 900. Samhliða samdrætti í veiðum og fækkun veiðimanna hefur meðalveiði minnkað mikið frá því sem mest var árið 2000 eða úr 57 fuglum í 24 fugla árið 2010.




7. mynd. Heildarveiði á langvíu frá 1995 til 2010 og skipting veiðinnar eftir landshlutum frá 1998 til 2010 skv. veiðiskýrslum.

Veiðar á álku hafa líkt og veiðar á öðrum svartfuglum dregist töluvert saman frá því að skráningar hófust (8. mynd). Breytingar hjá álku eru ekki eins afgerandi og hjá langvíu. Veiðar á álku voru árið 2010 um 53% af því sem þær voru árið 1999 þegar 28.000 álkur veiddust. Fjöldi veiðimanna sem skráði álkuveiðar á skýrslur var að meðaltali um 800 fram til 2004 en hefur síðan fækkað í um 600. Meðalveiði á álku hefur samhliða minnkandi veiði dregist saman en hún var mest 1998 og 1999 um 32 fuglar, en árið 2010 var meðalveiðin um 20 fuglar.



8. mynd. Heildarveiði á álku frá 1995 til 2010 og skipting veiðinnar eftir landshlutum frá 1998 til 2010 skv. veiðiskýrslum.


Veiðar á stuttnefju fylgja sama mynstri og veiði á öðrum tegundum sem fjallað hefur verið um hér að framan (9. mynd). Veiði hefur farið minnkandi frá því um 2000 en breytingarnar eru mjög afgerandi eftir 2004. Veiðarnar voru mestar árið 1999 eða rúmlega 21.000 fuglar en árið 2010 voru veiddar tæplega 7.000 stuttnefjur, aðeins um 31% af því sem mest hefur verið.



9. mynd. Heildarveiði á stuttnefju frá 1995 til 2010 og skipting veiðinnar eftir landslutum frá 1998 til 2010 skv. veiðiskýrslum.

Fjöldi veiðimanna sem skrá stuttnefju í veiðiskýrslur var að meðaltali tæplega 700 fram til 2004 en eftir það rúmlega 400. Meðalveiðin hefur dregist saman um helming frá því að vera mest um 30 fuglar 1998 og 1999 í 14 fugla árið 2010.

Teistan er minnsti stofninn af þeim sem fjallað er um hér og hafa veiðarnar verið nokkuð sveiflukennar frá upphafi skráninga veiðiskýrslna (10. mynd). Líkt og með hina stofnana þá koma fram breytingar en þær virðast hefjast fyrr eða árið 2002. Veiðarnar voru mestar árið 2001 tæpir 5000 fuglar en fjöldi veiddra teista síðustu ár hefur verið rúmir 3.000 fuglar sem eru um 66% af því sem mest var. Fjöldi veiðimanna sem skráir veiðar á teistu var að meðaltali 374 fram til 2004 en eftir það fækkar þeim og fram til 2010 eru þeir að meðaltali 318.



10. mynd. Heildarveiði á teistu frá 1995 til 2010 og skipting veiðinnar eftir landslutum frá 1998 til 2010 skv. veiðiskýrslum.


HELSTU ÁHRIFAÞÆTTIR

Fjölmargir þættir hafa áhrif á afkomu og ástand sjófugla hér við land. Mikilvægasti þátturinn fyrir afkomu þeirra er án efa fæða. Miklu skiptir fyrir fuglana að hafa næga og stöðuga fæðu allt árið, einkum þó á varptíma og þá skiptir máli að hún sé innan hæfilegrar fjarlægðar frá varpstöðvunum. Breytingar á fæðuframboði eru væntanlega megin ástæðan fyrir þeim breytingum sem sjást á stofnum bjargfugla frá 1985 til dagsins í dag. Rannsóknir í Vestmannaeyjum hafa sýnt að lundinn seinkar eða jafnvel sleppir varpi sé ekki næga fæðu að finna í grennd við varpstöðvarnar. Fuglinn flytur sig jafnframt milli staða ef æti er lítið eða ekkert. Mikilvægt er að sjófuglar hafi aðgang að hentugum búsvæðum og að varpstaðir séu aðgengilegir þar sem fuglinn hefur næði og frið um varptímamann, frið fyrir afræningjum og annarri truflun. Þær fimm tegundir sjófugla sem starfshópnum var falið að skoða eru langlífar og hefja varp frekar seint (4-8 ára), eyða mikilli orku í varpið og verpa flestar ekki nema einu eggi í senn, en verpa hugsanlega aftur ef fyrsta varp misferst. Aðrir þættir sem mögulega gætu haft áhrif á stofna þessara fugla eru meðal annars afrán, truflun, veiðar, eggjataka, sjúkdómar og ágengar framandi tegundir. Fiskveiðar (meðafli) og mengun eru óútskýrðir þættir sem hugsanlega geta haft mikil bein og óbein áhrif. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þessum áhrifaþáttum.

Veiðar

Bein neikvæð áhrif manna á stofna svartfugla, lunda og teistu eru einkum veiðar. Upplýsingar úr veiðikortakerfinu benda til þess að veiði á lunda sé að langmestu leyti veiði í háf yfir sumartímamann á hlunnindaveiðitímabilinu frá 1. júlí til 15. ágúst. Skráð veiði lunda hefur farið hratt minnkandi, úr því að vera um 215.000 fuglar árið 1995 í um 43.000 fugla árið 2010 (11. mynd). Alvarleg vanskráning á veiði í Vestmannaeyjum hefur komið í ljós, a.m.k. sum ár (4. mynd). Skotveiðar á lunda virðast vera fremur litlar en því miður býður núverandi skráningarfyrikomulag veiðikortakerfisins ekki upp á greiningu á því.

Álka, langvía, stuttnefja og teista eru hins vegar aðallega veiddar með skotveiðum á tímabilinu frá 1. september til 10. maí. Það er ekki ljóst af veiðitölum hvert hlutfall hlunnindaveiði er í aflanum, enda er þess ekki krafist að veiðimenn greini þar á milli, en mögulegt er að leiða líkum að því út frá veiðiskýrslum. Bein áhrif, einkum á svartfuglinn (langvíu, stuttnefju, álku), eru auk þess nýting hlunninda á grundvelli 4. tl. 20. greinar villidýralaganna sem heimilar hefðbundna nýtingu sjófugla með töku eggja og unga á ákveðnum svæðum.



11. mynd. Skipting lundaveiði eftir fjölda veiddra lunda á veiðimann. Stærstur hluti lundaveiði er skv. veiðitölum veiddur af magnveiðimönnum sem veiða fleiri en 120 lunda hver. Frá árinu 1995 til 2005 eru þetta um 100-150 veiðimenn en eftir það um 70-50 veiðimenn. Upplýsingar skv. veiðikortakerfi Umhverfisstofnunar.

Kofnatekja (taka fullvaxinna unga lunda og teistu) virðist alls staðar horfin, en hún var áður helsta nýtingin á þessum tegundum. Ekki er vitað til að svartfuglungatekja hafi verið stunduð, enda yfirgefa ungarnir björgin mjög smáir, þá aðeins 20-30% af þyngd fullorðinna fugla. Talið er líklegt að eggjataka úr þessum stofnum geti haft áhrif á stofnana þegar nýliðun er slök og skortur er á fæðu á varptímanum. Þetta getur verið bagalegt fyrir stofnana ef við bætist kalt vor eins og árið 2011. Starfshópurinn telur áriðandi að tekin verði upp skráning á eggjatöku, þegar hún verður leyfð að nýju, til þess að mögulegt sé að leggja mat á umfang hennar. Starfshópurinn telur mikilvægt að fylgst verði með hlutfall varpfugls í afla skotveiðimanna og að skotveiðimenn skrái hvort finna megi ófleyga fugla (fugla í sárum) í afla veiðimanna á haustin. Hópurinn leggur einnig til að rannsóknir á flutningi fugla milli landshluta og búsvæða í N-Atlantshafi verði eflaðar, t.d. með auknum og bættum fuglamerkingum.

Fiskveiðar

Ákveðnar tegundir veiðarfæra geta haft áhrif á sjófugla eftir aðstæðum. Svartfuglar farast einkum í þorsk-, ýsu- og hrognkelsanetum. Hrognkelsanet hafa líklega mest áhrif á teistu, en þorsk- og ýsunet á svartfugl, einkum langvíu. Umtalsvert magn getur veiðst í einu og eru þekkt dæmi um að þúsundir fugla hafi veiðst í einni veiðiferð. Línuveiðar eru taldar verða mörgum fýlum að aldurtíla. Samkvæmt íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu ber að koma með allan afla sem kemur í veiðarfæri að landi og láta vigta í löndunarhöfn, þ.m.t. ánetjaða fugla. Þá er fiskiskipum og bátum gert að skrá allan afla í rafræna afladagbók og tæki til skráningar í gagnagrunn á að vera um borð í öllum fiskiskipum. Þessi skráning á m.a. að ná til fugla sem farast í veiðarfærum.

Því miður virðist skorta á að skipstjórar skrái allan meðafla og erfitt hefur reynst að fylgja þessu ákvæði eftir. Reyndin virðist vera sú að það teljist til undantekninga að fuglar séu skráðir sem meðafla. Samkvæmt grein Ævars Petersen um fugladauða í veiðarfærum sem birtist í Náttúrufræðingnum árið 2002 drepst talsvert af fugli í netum og dæmi um að einn bátur hafi skráð 8000 svartfugla á einu ári.

Samkvæmt 9. grein laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er óheimilt að bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa, eða þiggja að gjöf fugl sem ferst í netum sem lögð eru til fisk- eða kópaveiða. Það er því ekki leyfilegt að nýta þann fugl nema til eigin neyslu.

Hópurinn telur mikilvægt að þegar í stað verði tekið upp samstarf við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið um að stofnanir ráðuneytanna kanni með athugunum og rannsóknum hversu mikið af fugli ferst í veiðarfærum fiskiskipa og báta og leitað verði leiða til þess að draga úr afföllum af þeim sökum. Þá er talið mikilvægt að auka eftirfylgni með skráningu á veiddum fuglum í veiðidagbækur fiskiskipa og báta.

Ágengar og framandi tegundir

Almennt hafa rándýr á landi áhrif á varp sjófugla með því að afmarka byggðir þeirra og takmarka að jafnaði við örugga staði: þverhnípi (=fuglabjörg) og úteyjar, svo og staði sem eru varðir af árásargjörnum tegundum svo sem kríu, máfum og ránfuglum.¹¹ Á norðurslóðum er tófan almennt talin einn mesti áhrifavaldurinn.¹² Hér á landi hefur landnám mannsins eflaust valdið mikilli byltingu, en á síðustu áratugum hafa aðrar framandi spendýrategundir, rotta og sérstaklega minkur, valdið usla. Kanínur hafa einnig valdið truflun í lundabyggðum. Minkurinn hefur haft viðvarandi áhrif á sjófuglabbyggðir með því að breyta öruggum varpstöðum, einkum eyjum og urðum með ströndinni, í hættulega. Á þessum stöðum hafa byggðir lunda og teistu horfið. Áhrif á stofna þessara tegunda eru óljós, en út frá almennri kenningu um samband stofnstærðar og fæðuaðgengis¹³ er hægt að geta sér þess til að þau séu mikil á teistu, sem yfirleitt fer mjög stutt í ætisleit, en minni á lunda, sem oft fer mjög langt frá varpstað.

Samkeppni

Samkeppni um gæði getur orðið þegar framboð gæða er takmarkað. Samkeppni er bæði milli einstaklinga innan sömu tegundar og milli tegunda. Oft er gert ráð fyrir að harðasta samkeppnin eigi sér stað milli skyldra tegunda, en á síðari áratugum hefur nokkur umræða verið um samkeppni milli fjar-skyldra og ólíkra hópa. Dæmi um slíka samkeppni („diffuse competition“)¹⁴

¹¹ Til dæmis J. Burger *Rev Aq Sci*, 4, 23-43, 1991

¹² Sjá yfirlitsgrein, Sten Larson, *Oikos* 11, 276-205, 1960

¹³ N. Philip Ashmole, *Ibis*, 103, 458-473, 1963

¹⁴ R.H. MacArthur, *Geographical Ecology*, 1973

eru t.d. í vötnum þar sem vatnafuglar ná meiri þéttleika og framleiðni í fisklausum vötnum en fiskivötnum.¹⁵ Þegar kerfi er ótruflað getur verið erfitt að finna ótvíræð merki um samkeppni, en hins vegar ætti það að vera auðveldara þar sem miklar breytingar eiga sér stað¹⁶.

Meðal sjófugla hefur samkeppni mest verið rannsökuð sem samkeppni um varpstaði, t.d. er þekkt að súla boli svartfuglum frá varpstöðum, að afkoma lunda er betri ef skrofa er ekki í sama varpi. Samkeppni um fæðu er síður þekkt en gæti vel átt sér stað milli sjófugla (sem velja oft fæðutegundir eftir stærð) og fiska eða annarra sjódyra.¹⁷ Aðalfæða flestra íslenskra sjófugla er sandsíli, loðna og svifkrabbadýr¹⁸, en sömu tegundir eru líka aðalfæða algengra bolfiska, svo sem ufsa og þorsks¹⁹. Á síðustu árum hefur mikið af makríl gengið á Íslandsmið sem mögulega gæti einnig verið í samkeppni við sjófugla um æti og haft áhrif á fæðustofna þeirra. Hér vantar rannsóknir áður en hægt er að meta samkeppni sem þátt í fækkun svartfugla.

Landnotkun

Landnotkun og breyting í landnotkun er einn af þeim þáttum sem geta haft áhrif á afkomu fuglastofna²⁰. Áhrifin geta verið bein ef landsvæði eða sjávarsvæði sem fuglarnir nota er tekið undir nýja nýtingu s.s. ef varpstöðum eða stöðum sem fuglinn er vanur að setjast upp á er breytt með framkvæmdum, byggingum og jarðraski eða með fiskeldiskvíum og vindmyllum á grunnsævi. Þótt slíkar breytingar geti haft mikil áhrif á útbreiðslu margra fuglategunda má ætla að áhrif vegna landnotkunar og breytinga í landnotkun hér á landi hafi haft fremur lítil áhrif á afkomu og endurnýjun sjófuglastofna. Einnig getur verið um óbein áhrif að ræða eins og truflun af völdum ferðamanna eða umferðar. Í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar „Action plan for seabirds in Western-Nordic areas“ kemur fram að sérfræðingar bendi á að þótt slíkir þættir hafi haft takmörkuð áhrif á sjófugla í Norðursjónum í heild, megi ekki útiloka að sumir þessara þátta geti haft mun meiri staðbundna eða svæðisbundna þýðingu.

Loftslagsbreytingar

Almennt er talið að loftslagsbreytinga af mannavöldum sé farið að gæta um allan heim. Áhrif loftslags á fuglastofna almennt eru efni yfirlitsgreinar eftir

¹⁵ N. Giles, *Hydrobiologia* 279/280, 387-392, 1994

¹⁶ Sbr. T.W. Schoener. *Am Nat*, 122, 240-295, 1983

¹⁷ I. Boyd o fl *Top Predators in Marine Ecosystems*, Cambridge, 2006

¹⁸ Kristján Lilliendahl og Jón Sólmundsson, *ICES J Mar Sci* 54:624-630, 1997; K Lilliendahl, *Marine Biol Res* 5: 143-154

¹⁹ Ólafur K Pálsson og Höskuldur Björnsson, *ICES J Mar Sci* 68: 1488-1499

²⁰ Tómas Grétar Gunnarsson, Jennifer A. Gill, Graham F. Appleton, Hersir Gíslason, Arnþór Garðarsson, Andrew R. Watkinson & William J. Sutherland 2006. *Large-scale habitat associations of birds in lowland Iceland: Implications for conservation. Biological Conservation* 128: 265-275.

Tómas Grétar Gunnarsson 2006b. *Íslenskir mófuglar og skógrækt. Fuglar, rit Fuglaverndar* 3: 46-52.

Tómas Grétar Gunnarsson 2010. *Vaðfuglar og votlendi í ljósi landnotkunar. Náttúrufræðingurinn* 79:75-86.

B-E Sæther, W.J. Sutherland og S. Engen.²¹ Í skýrslu íslenskra stjórnvalda „Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi“ kemur fram að ætla megi að vaxandi hlýsjávaréinkenni á miðunum umhverfis landið og á nærliggjandi hafsvæðum sé ávísun á aukna framleiðni lífríkis í sjó, þ.m.t. fiskistofna við landið. Þessu virðist öfugt farið með svartfugla og lunda sem eru norðlægur tegundir og munu hugsanlega hörfa norðar undan hlýnun loftslags hér við land, einkum ef því fylgja verulegar breytingar á fæðuskilyrðum og sjávarhita. Vísbendingar eru um að stofnar þeirra hafi að jafnaði minnkað á hlýskeyðum en vaxið á kuldaskýðum, sbr. breytingar í veiði lunda í Vestmannaeyjum frá 1898 til 2010.²² Í skýrslunni kemur fram að breytingar hafi m.a. orðið nærri heimskautasvæðum á útbreiðslu þörunga, dýrasvífs og fisktegunda, bæði í ferskvatni og í sjó. Þá kemur fram að ástæða fækkunar sjófugla á svæðinu hafi „... verið rakin til víðtækra umhverfisbreytinga í hafinu við landið (sjá kafla 2.3.1). Margir sjófuglastofnar við suður-, vestur- og austurströndina byggja afkomu sína að stórum hluta á sandsíli⁽²³⁾ og er líklegt að ástæða fækkunar í sjófuglabbyggðum þar stafi af lægð sandsílastofnsins 2004–2006⁽²⁴⁾“. Þetta á einkum við um tegundir eins og langvíu, álku, lunda, kríu og sílamáf. Þær breytingar sem orðið hafa á stofnum lunda, langvíu og álku eru að mestu afleiðing af breytingu í magni og dreifingu helstu fæðutegunda, einkum sandsílis og hugsanlega einnig loðnu. Orsakir þessara fæðubreytinga gætu tengst loftslagsbreytingum, en að hluta reglubundnum sveiflum í hita milli hlý- og kuldaskýða.

Tengsl milli þekktra umhverfisbreytinga og þekktra stofnbreytinga eru þó alls ekki vel þekkt. Til dæmis er almennt talið að haftyrdill hafi horfið sem varpflugl frá landinu vegna hlýnandi loftslags enda sé tegundin við suðurmörk útbreiðslu sinnar hér á landi. Þessi staðhæfing skýrir ekki hver ástæðan fyrir hvarfi haftyrdils sé nákvæmlega eða hvaða skilyrði hafi ákvarðað suðurmörk útbreiðslunnar. Það sama má segja um aðra hánorræna svartfuglstegund, stuttnefju, sem virðist hafa verið á hraðri niðurlíð hérlandis undanfarna sjö áratugi. Út frá almennri þekkingu um takmörk stofna verður að telja líklegast að bæði haftyrdill og stuttnefja séu að hörfa norður í kaldari sjó þar sem þessar tegundir finni betri fæðuskilyrði. Breytingar á fæðu á stórum svæðum eru svo út af fyrir sig líklegastar til að tengjast grundvelli fæðuvefsins neðan frá (bottom-up) og fleiri en eitt þrep getur verið frá frumframleiðslu upp í fæðu svartfuglanna.

Mengun

Ekki er vitað til þess að mengun hafi haft neikvæð áhrif á stofna íslenskra sjófugla. Hins vegar er þekkt að þeir, þar á meðal langvía og teista, bera í

²¹ B-E Sæther, W.J. Sutherland og S. Engen í *Adv Ecol Res* 35: 185-209

²² Erpur S. Hansen, erindi á Svartfuglaráðstefnu 2010

²³ Kristján Lillendahl og Jón Sólmundsson 1998. Fæða sex tegunda sjófugla við Ísland að sumarlagi. *Bliki* 19, 1-12.

²⁴ Hafrannsóknastofnunin: <http://www.hafro.is/undir.php?ID=19&REF=3&fID=5984&nanar=1> (skoðað 02.01.08), sbr. heimild nr. 126 bls. 68 í sérfræðingaskýrslunni.

sér talsvert af þrávirkum lífrænum mengunarefnum²⁵ og er því ekki hægt að útiloka neikvæð áhrif efnanna á sjófuglastofna en þau geta m.a. raskað hormónastarfsemi í dýrum. Niðurstöður rannsókna á fýl í Norðursjó sýna að yfir 97% fýla hafa plastagnir í meltingarvegi²⁶ en áhyggjur af áhrifum þess á líffræði sjófugla fara vaxandi. Sumarið 2011 fór fram sýnataka úr íslenskum fýlum fyrir sambærilega rannsókn á Háskólasetri Vestfjarða.²⁷

SJÁLFBÆRAR VEIÐAR

Forsenda þess að aflétta friðun og leyfa veiðar á tegundum er að slíkar veiðar séu sjálfbærar. Eina undantekningin frá þessu væri tilfelli þar sem skýr stjórnunarmarkmið væru að minnka eða útrýma stofni eða tegund, t.d. ef um væri að ræða aðgerðir til að draga úr tjóni af hennar völdum. Skilgreining á sjálfbærum veiðum á ýmislegt sameiginlegt með hugtakinu sjálfbær þróun sem felur í sér að endurnýjanlegar auðlindir séu hagnýttar á þann máta, að ekki sé gengið á höfuðstól þeirra og auðlindin haldi þess vegna óskertu gildi sínu til frambúðar. Sjálfbær þróun hefur einnig verið skilgreind sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í þessu felst að sókn eftir efnahagslegum og félagslegum gæðum verður að haldast í heldur við vernd umhverfisins og grunnþæða jarðar.

Ýmsar skilgreiningar hafa verið notaðar til að skýra sjálfbærni veiða. Í einhverjum tilfellum er notast við þá skilgreiningu að veiði hafi ekki marktæk áhrif á hinn veidda stofn.²⁸ Einnig er hægt að miða við að nýting fari ekki fram úr framleiðslugetu stofnsins, en þetta er sú forsenda sem íslensk löggjöf miðar við, og loks miða sum lönd sjálfbæra nýtingu við að stofn nái að endurnýja sig reglulega og viðhalda útbreiðslu og þéttleika.²⁹

Settar hafa verið fram ýmsar alþjóðlegar verklagsreglur þegar kemur að sjálfbærum veiðum. Má þar helst nefna „*European charter on hunting and biodiversity*”³⁰, „*Addis Ababa principles and guidelines for the sustainable*

²⁵ a) Jorundsdóttir, H., Lofstrand, K., Svavarsson, J., Bignert, A. & Bergman, A. *Organochlorine Compounds and Their Metabolites in Seven Icelandic Seabird Species - a Comparative Study. Environmental Science & Technology* 44. 3252-3259. b) Kristín Ólafsdóttir, Ævar Petersen, Elín V. Magnúsdóttir, Thorvaldur Björnsson & Thorkell Jóhannesson 2005. *Temporal trends of organochlorine contamination in Black Guillemots in Iceland from 1976 to 1966. Environmental Pollution* 133. 509-515.

²⁶ van Franeker, J.A. 2010. *Fulmar Litter EcoQO Monitoring in the Netherlands 1979-2008 in relation to EU Directive 2000/59/EC on Port Reception Facilities. Report C027/10. Institute for Marine Resources & Ecosystem Studies. 40 pp.*

²⁷ http://hsvest.is/frettir/Plast_inntaka_fyla_vid_Island/. Sótt 5.12.2010.

²⁸ IUCN / UNEP / WWT 1980. *World Conservation Strategy. IUCN Gland, 200 bls.*

²⁹ a) Bregnballe, T., Noer, H., Christensen, T.K., Clausen, P., Asferg, T., Fox, A.D. & Delany. 2006. *Sustainable hunting of migratory waterbirds: the Danish approach. Waterbirds around the world. Ritstj. Boere, G.C., Galbraith, C.A. & Stroud, D.A. The Stationery Office, Edinburgh. UK. Bls. 854-860.* b) Sutherland, W.J. 2001. *Sustainable exploitation: a review of principles and methods. Wildlife Biology* 7: 131-140.

³⁰ http://www.cic-wildlife.org/uploads/media/Hunting_Charter_EN.pdf

use of biodiversity”³¹ og „Guide to sustainable hunting under the birds directive”.³² Vistkerfisnálganir eru þar ríkjandi og talið brýnt að við sjálfbæra nýtingu sé tekið tillit til heildaráhrifa allra umhverfispáttá á viðkomandi tegund og að það hvort ákveðin nýting telst sjálfbær eða ekki geti breyst vegna ófyrirséðra atburða í umhverfinu. Því verði að líta á veiðibráð í samhengi við allt umhverfi hennar til að meta hvort nýttjar séu sjálfbærar. Í síðastnefnda skjalinu kemur skýrt fram að ef tegund sýnir neikvæða stofnþróun (og flokkist með „unfavourable conservation status”³³) sé almennt ekki skynsamlegt að veiða hana, jafnvel þótt veiðarnar sjálfar séu ekki orsök stofnþróunar (grein 2.4.24). Einnig kemur þar fram að ef stofn tegundar fer minnkandi getur veiði ekki talist sjálfbær, nema um sé að ræða veiði sem sé hluti af vel skilgreindu stofnstjórnunarverkefni sem einnig felur í sér verndun búsvæða og miðar við að hægt verði á neikvæðu stofnþróuninni og að stofninn verði byggður upp að nýju (grein 2.4.25).

AUKIN VERNDUN FUGLASTOFNA

Ljóst er að fjölmargir þættir hafa áhrif á stöðu og þróun stofna svartfugls, lunda og teistu hér við land. Þetta eru meðal annars þættir sem tengjast nýtingu tegundanna, þættir sem tengjast nýtingu annarra sjávardýra, fæðu fuglanna eða breytingum á öðrum þáttum. Frá því að skráning á veiði hófst árið 1995 í veiðikortakerfinu hafa upplýsingar um nýtingu villtra fugla og spendýra batnað verulega. Nú er hægt að fylgjast með veiði og afla ár frá ári en lítið sem ekkert hefur verið rannsakað hve mikil áhrif þessar veiðar hafa á viðkomandi stofna. Veiðitölur sýna að skráður afli lunda hefur farið stöðugt minnkandi og sama á við um veiði svartfugla (myndir 6-9). Veiði á teistu hefur oftast verið á bilinu 3.000 til 4.000 fuglar á ári frá því skráning veiði hófst, sem líklega eru allt að 10-15% af teistustofninum. Á sama tíma hafa rannsóknir og vöktun aukist umtalsvert m.a. vegna tilkomu veiðikortasjóðsins.

Tafla 1. Yfirlit um stofnstærðir lunda, álku, lángrívú, stuttnefju og teistu 1985 og 2007, breytingu í stofnstærð á tímabilinu, nýtingu, prósentu breytingu í stofnstærð á þessu tímabili og reiknaða árlega breytingu stofnanna.


Stofn	Stofnstærð pör 1985	Skot-veiði	Hlunnindi	Eggjataka	Netadauði	Stofnstærð pör 2007	Fækkun frá 1985	Árleg fækkun
Lundi	2-3 millj.?	Lítill	Mikil*	Nei	Lítill	2,5 millj.		
Álka	378.000	Veruleg	Lítill	Já	Verulegur	310.000	18%	0,9%
Langvía	992.000	Veruleg	Lítill	Já	Verulegur	690.000	30%	1,7%
Stuttnefja	579.000	Veruleg	Lítill	Já	Verulegur	330.000	43%	2,7%
Teista	10-20.000	Mikil	Engin	Nei	Mikil	?		↓

* Samfara fækkun í lundastofninum hefur dregið úr hlunnindanýtingu, mest við sunnanvert landið en einnig nokkuð við Breiðafjörð.

³¹ <http://www.cbd.int/sustainable/addis-principles.shtml>

³² <http://ec.europa.eu/environment/nature/conservation/wildbirds/hunting/docs/huntingguideen.pdf>

³³ „Conservation status” er skilgreindur í 1. grein Evróputilskipunar nr. 92/43/EEC (Council Directive 92/43/EEC) sem „summa allra áhrifaþátta á viðkomandi tegund sem orsakað geta breytingar á útbreiðslu og algengi (distribution and abundance) stofna hennar til lengri tíma”. Skv. grein 2.4.24 í „Guide to sustainable hunting under the birds directive” öðlast fuglar óásættanlega verndarstöðu ef summa allra áhrifaþátta hefur neikvæð áhrif á útbreiðslu og algengi stofna hennar til lengri tíma.



12. mynd. Heildarveiði á lunda og stuttnefju, álku og langvíu frá 1995 til 2009, skv. árlegum veiðiskýrslum veiðimanna til Umhverfisstofnunar. Rauða línan sýnir línulega þróun í veiði á lunda.

Takmarkaðar upplýsingar eru til um áhrif mismunandi nýtingaraðferða og fiskveiða á stofna þessara fimm tegunda, sbr. töflu 1. Það er því mikilvægt að bæta upplýsingaskráningu veiðimanna og sjómanna í veiðiskýrslum til þess að hægt verði að greina umfang eftir tegund og eðli nýtingar og beita viðeigandi verndaraðgerðum í framtíðinni.

Starfshópurinn telur mikilvægt að gripið verði til aðgerða þegar í stað til þess að styrkja verndun og sjálfbæra nýtingu stofna svartfugla, lunda og teistu í framtíðinni. Þessar aðgerðir er hægt að byggja á heimildum laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum til handa umhverfisráðherra til þess að stjórna veiðum og nýtingu fugla-stofna með útgáfu reglugerðar um veiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum.

Í 20. grein laganna eru veittar heimildir til hlunnindanýtingar fugla með veiði í háf og til eggja- og ungatöku á takmörkuðum svæðum þar sem þessar veiðar eru taldar til hlunninda. Þessi ákvæði komu fyrst inn í lög um fuglafriðun árið 1954 (Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 63/1954³⁴) en þau byggðu á Parísarsamningnum um fuglavernd frá 1950³⁵ sem Íslendingar gerðust aðilar að 1956. Samkvæmt þessum samningi skyldu allir

³⁴ Með setningu laga nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, voru felld saman í eina heild hin sundurlausu ákvæði í íslenskum lögum um rétt til fuglaveiða, friðun fugla og veiðitíma, svo og ákvæði um fuglaveiðasamþykktir. Þá voru og tekin upp í lögina ýmis nýmæli, svo sem ákvæði um stjórn fuglafriðunar- og fuglaveiðimála, ákvæði um veiðitæki og veiðiaðferðir, inn- og útflutning fugla, kaup og sölu þeirra o. fl. Leitast var við að gera lög nr. 63/1954 þannig úr garði, að ákvæði þeirra væru að efni til í sem nánustu samræmi við alþjóðasamþykkt um verndun fugla (Convention Internationale pour la Préservation des Oiseaux), sem gerð var í París 1950. Lög nr. 63/1954 tóku gildi 1. janúar 1955, og ári síðar eða í janúar 1956 fullgilti ríkisstjórn Íslands alþjóðasamþykktina um verndun fugla. Sjá, greinargerð með frumvarpi til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun frá 1965 er varð að lögum 1966, <http://www.althingi.is/altext/86/s/pdf/0011.pdf>

³⁵ http://www.cbd.gov.tr/contracts/paris_convention.pdf, sótt 25. október 2011 og <http://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/98>, sótt 25. október 2011.

fuglar verndaðir, nema með fáeinum tilgreindum undantekningum; friða skyldi fugla á varptíma sem og á fartíma og farleiðum; alfriða skyldi fugla í útrýmingarhættu; banna tiltekna veiðiaðferðir sem og töku eggja og unga. Íslendingum og ýmsum öðrum norðlægum þjóðum, var veitt undanþága frá síðastnefndu ákvæðunum vegna sérstakrar efnahagslegrar þýðingar sem slíkar veiðar voru þá taldar hafa hér á landi.³⁶

Ákvæði um hlunnindanýtingu er upprunnið úr gömlum hefðum í sjálfsþurftarþúskaðum og veiði frumbyggja sem höfðu takmarkaðan aðgang að ferskri fæðu og viðunandi geymsluaðferðum. Ferskt kjöt og egg að vori voru oft á tíðum nauðsynleg til þess að fólk lifði af eftir veturinn og fram á sumar. Ákvæðum um hlunnindanýtingu var haldið inni í villidýralögunum við endurskoðun þeirra árið 1994 og eru þau að mestu í samræmi við eldri ákvæði um fuglaveiðar. Miðað við þær breytingar sem orðið hafa frá þeim tíma í veiði á svartfugli, lunda og teistu hér á landi, þ.e.a.s. gríðarlega - fjölgun veiðimanna og ásókn í að veiða villta fugla, s.s. ásókn veiðimanna sem ekki eiga staðfestan rétt til hlunnindaveiða, er nauðsynlegt fyrir verndun þessara fuglategunda að mati meirihluta hópsins að endurmeta ákvæði laga nr. 64/1994 um hlunnindanýtingu þegar stofnarnir standa jafn veikir og nú.

Starfshópurinn telur mikilvægt að bætt verði úr framkvæmd laganna og eftirlit með framkvæmdinni verði bætt. Ljóst þykir að netafugl hefur verið seldur á markað en það er óheimilt skv. lögunum. Bæta þarf eftirlit með afla fiskiskipa og fylgja eftir skráningarskyldu skipa og báta á meðafla til þess að fá upplýsingar um dauða sjófugla í veiðarfærum.

TILLÖGUR STARFSHÓPSINS

Samkvæmt 7. grein laga nr. 64/1994 skal ákvörðun um að aflétta friðun byggjast á því að viðkoma stofns sé nægjanleg til að vega upp á móti afföllum vegna veiða. Starfshópurinn bendir á að hnignun þessara fimm stofna hefur verið veruleg undanfarin 10-15 ár. Meirihluti starfshópsins telur því að ljóst sé að forsendur þess að aflétta friðun séu brostnar. Þótt hnignun stofnanna sé að öllum líkindum ekki til komin vegna ofveiði, heldur vegna fæðuskorts á varpstöðvum og e.t.v. fleiri þáttum, bendir stofnþróunin eindregið til þess að um þessar mundir sé ekki fyrir hendi nægjanleg nýliðun til að vega upp á móti afföllum vegna veiða. Á þessum forsendum telur meirihluti starfshópsins veiðarnar ekki sjálfbærar við núverandi aðstæður; þær auki enn á vanda stofnanna.

³⁶ *In view of the special importance of economic conditions in Sweden, Norway, Finland and the Faroe Islands, the appropriate authorities in those countries may make exceptions and permit certain derogations from the provisions of this Convention. If Iceland should accede to this Convention, it shall be entitled to enjoy the benefit of such derogations upon request (6. grein).*

Hluti hópsins telur varhugavert að stunda veiði úr stofnunum og telur ástæðu til þess að banna veiðar og nýtingu tímabundið. Skotvís og Umhverfisstofnun og telja hins vegar, eins og fyrr er getið, ekki ástæðu til að stöðva veiðar allra tegunda, nóg sé að draga úr veiðum svartfugls þar sem sýnt þykir að ástæður fækkunar séu ekki veiðar og skila séráliti um ákveðnar tillögur starfshópsins.

Starfshópurinn telur mikilvægt að gripið verði til verndaraðgerða þegar í stað til þess að styrkja verndun og sjálfbæra nýtingu stofna svartfugla, lunda og teistu til framtíðar. Starfshópurinn leggur til eftirfarandi aðgerðir, sjá einnig sérálit frá Skotvís og Umhverfisstofnun í viðaukum A-B :

1. Starfshópurinn leggur til að teista verði friðuð fyrir öllum veiðum næstu fimm árin. Teistustofninn er talinn vera um 10-20.000 pör og frá því að skráning veiði í veiðikortakerfinu var tekin upp árið 1995 hefur árleg skráð veiði verið um 10% af stofninum. Auk þess ferst verulegt magn af teistu í veiðarfærum (aðallega í hrognkelsanetum) báta og fiskiskipa samkvæmt endurheimtum á fuglamerkjum.
2. Starfshópurinn leggur til að lundi verði friðaður fyrir öllum veiðum næstu fimm árin. Stofn lunda er talinn vera um 2,5 milljón pör. Nýliðun hefur dregist verulega saman eða brugðist algjörlega undanfarin ár hjá 75-80% af stofninum. Þegar skráning veiði var tekin upp árið 1995 með veiðikortakerfinu var veiði um 215.000 fuglar á ári en hefur dregist jafnt og þétt saman og er komin í um 43.000 fugla. Starfshópurinn telur nauðsynlegt að friða stofninn og að erfitt sé að endurreisa stofn lunda nema verndaraðgerðir taki til alls landsins.
3. Meirihluti starfshóps leggur til að þegar veiðar á lunda hefjast á ný verði veiðitími fyrir hlunnindaveiði í háf endurskoðaður.
4. Meirihluti starfshópsins leggur til að svartfuglar (langvía, stuttnefja, álka) verði friðaðir fyrir öllum veiðum, þ.m.t. eggjatöku, næstu fimm árin. Stofnar svartfugla hafa minnkað verulega frá 1985-2008, álkustofninn um 18%, langvía um 30% og stuttnefja um 43%. Álkustofninn er talinn vera um 310.000 pör, langvíustofninn um 690.000 pör og stuttnefjustofninn um 330.000 pör. Rannsóknir sýna að árleg fækkun 2006-2009 í Látrabjargi var um og yfir 20% hjá álku og stuttnefju en 7% hjá langvíu. Sérálit frá Skotvís í viðauka B og Umhverfisstofnun í viðauka A.
5. Starfshópurinn leggur til að rannsóknir og vöktun þessara fimm tegunda sjófugla verði stórefld og fylgst verði með þróun stofna þeirra til þess að hægt verði að endurmeta ástandið að fimm árum liðnum. Þá er lagt til að sett verði skýr stjórnunarmarkmið til framtíðar fyrir þessar tegundir og viðmið fyrir þau skilyrði sem tegundirnar þurfa að uppfylla til þess að veiðar megi hefja að nýju (viðmið um nýliðun og stofnstærðir). Sérálit frá Skotvís í viðauka B.

6. Meirihluti starfshópsins leggur til að þegar veiðar hefjast á ný verði tímamörk á afléttun friðunar allra fimm tegunda sem fjallað var um endurskoðuð og hugað að öðrum aðgerðum sem stuðlað geti að verndun og sjálfbærri nýtingu þeirra. Sérálit frá Skotvís í viðauka B.
7. Starfshópurinn leggur til að veiðiskýrslur verði mun ítarlegri, þannig að upplýsingar fáiast um tegund veiða, tegund veiðarfæra, og tíma-setningu veiða. Í dag er t.d. ekki gerður greinarmunur á skotveiðum og hlunnindanýtingu í skráningu.
8. Starfshópurinn leggur til að gerð verði sú breyting á veiðikortakerfinu að þeir sem tíni egg skuli hafa veiðikort og eggjataka verði skráningarskyld.
9. Starfshópurinn leggur til að áréttað verði að ruðningur eggja úr fuglabjörgum sé bannaður.
10. Meirihluti starfshópsins leggur til að gripið verði til almennra aðgerða til þess að styrkja friðun og uppbyggingu stofna lunda, svartfugls og teistu. Hópurinn bendir á að fjöldi fuglabyggða er innan friðlýstra svæða sem njóta ákveðinnar verndar. Þrátt fyrir það hefur veiði á ákveðnum svæðum verið stunduð í miklu magni. Sérálit frá Skotvís í viðauka B.
11. Starfshópurinn leggur til að ákvæði laga nr. 64/1994 um að óheimilt sé að selja, kaupa og gefa fugl sem drepst í netum sem ætluð eru til fiskveiða eða veiði á kópum verði framfylgt af meiri ákveðni. Jafnframt verði því fylgt eftir að fiskiskip og bátar skrái veidda fugla í afladagbækur eins og gert er ráð fyrir og tekið verði upp samstarf við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið um að kanna umfang fugladauða í veiðarfærum og leita leiða til þess að draga úr honum.
12. Starfshópurinn leggur til að fjarlægðarmörk banns við skotveiði og truflun við fuglabjörg verði færð úr 500 metrum í 2 km á sjó og athugað hvort þörf sé á endurskoðun marka á landi. Sjá sérálit frá Skotvís í viðauka B.
13. Starfshópurinn leggur til að átak verði gert í að fræða almenning og veiðimenn um veiðilöggjöfina, lífnaðarhætti og líf- og vistfræði svartfugla, teistu og lunda og um inntak sjálfbærrar nýtingar. Að þessu kæmu t.d. Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Náttúrustofur og SKOTVÍS. Fræðslan gæti meðal annars verið á formi fræðslufunda, bæklings til þeirra landeigenda og veiðimanna sem stundað hafa veiðar á sjófuglum, fræðsluefnis á heimasíðum Umhverfisstofnunar og umhverfisráðuneytis og á formi greinaskrifa sérfræðinga í fjölmiðla. Þá telur hópurinn áriðandi að hvatningarátaki um að veiðimenn stundi ábyrgar og hófsamar veiðar verði áfram haldið.

VIÐAUKAR VIÐ TILLÖGUR STARFSHÓPS UM SVARTFUGLA.

Þar sem ekki náðist samstaða í starfshópnum um allar tillögur starfshópsins eru hér birt sérálit frá fulltrúum Umhverfisstofnunar og Skotvís í starfshópnum:

Viðauki A

SÉRÁLIT FULLTRÚA UMHVERFISSTOFNUNAR

Vegna atriðis 4 í tillögum þá er afstaða Umhverfisstofnunar eftirfarandi:

- Umhverfisstofnun leggur til að veiðitími á langvíu, álku og stuttnefju verði stytur og verði frá 1.okt-31.mars. Það er byggt á þeim rökum sem fram hafa komið varðandi fugl í sárum í september og að gefa fuglinum meiri möguleika á vorin þegar hann er í tilhugalífi og þar sem fuglinn er farinn að verpa fyrir.
- Umhverfisstofnun leggur til að tímabundið sölubann verði sett á langvíu, álku og stuttnefju, einnig egg, til ársins 2017 og verði þá staðan endurmetin m.t.t veiða og sölu. Á þessu 5 ára tímabili verði reynt að fylla upp í það þekkingargat sem er til staðar þannig að hægt sé að leggja mat á þróun stofnanna. Mikilvægt er að kanna hlutfall varpfugla í veiði, varpárangur og unghlutfall til að fá raunhæfa mynd af stöðu stofnanna. Veiðar á þessum tegundum eru um eða innan við 1% af stofnstærð og verður því að teljast að áhrif veiða séu mjög lítil. Umhverfisstofnun telur að með styttingu veiðitíma og sölubanni verði hægt að draga verulega úr veiðum líkt og gert var með rjúpuna.
- Umhverfisstofnun leggur einnig mikla áherslu á það að þær aðgerðir sem gripið verði til nái einnig yfir hlunnindaveiðar en í 20. gr laga 64/1994 kemur skírt fram „...skulu friðunarákvæða laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi hlunnindi eftirleiðis„ og því myndu takmarkanir sem þarfnast ekki lagabreytinga ekki ná til hlunnindaveiðanna. Þannig gætu hlunnindaveiðimenn áfram veitt og selt afla."

Viðauki B

SÉRÁLIT FULLTRÚA SKOTVÍS

Sérálit SKOTVÍS í skýrslu nefndar um vernd og nýtingu svartfugla til umhverfisráðherra haustið 2011.

Skotveiðifélag Ísland átti fulltrúa í nefnd á vegum umhverfisráðherra sem móta átti tillögur um vernd og nýtingu svartfuglastofna á Íslandi. Til grundvallar lá skýrsla frá Norrænu ráðherranefndinni ásamt niðurstöðum rannsókna Náttúrufræðistofnunar Íslands sl. áratugi.

Ástæðan fyrir þessu séráliti er sú að fulltrúar SKOTVÍS í nefndinni eru ósammála tillögum fjögurra nefndarmanna af sjö, sem ganga mjög langt varðandi alfriðun svartfugla næstu fimm árin.

- SKOTVÍS fellst á tímabundið bann við veiðum á lunda og teistu en telur ekki nauðsynlegt að svo komnu að friða langvíu, stuttnefju og álku.
- Markmið friðunar á langvíu, stuttnefju og álku eru óskýr og meirihluti nefndarinnar nefnir hvergi í tillögum sínum hvert ástand stofnanna þurfi að vera svo ásættanlegt sé að hefja veiðar á ný. Mælanlegt markmið friðunar er ekki að finna í tillögunum, né heldur við hvað eigi að miða varðandi nýliðun og stofnstærðir.
- Veiðar úr stofnum sem eru á hröðu undanhaldi vegna loftslagsbreytinga munu að mati SKOTVÍS ekki valda úrslitaáhrifum. Ómögulegt er að rannsaka áhrif veiða þegar þær hafa verið bannaðar en til þess að hægt sé að leggja mat á hugsanleg áhrif þeirra þarf að halda veiðum áfram, jafnvel þótt það verði aðeins í takmarkaðan tíma. Hafa ber í huga að úr stofnun svartfugla, sem enn telja milljónir einstaklinga hver um sig, eru á Íslandi veiddir fáir tugir þúsunda fugla árlega. Þessar veiðar eru ekki ógn við afkomu stofnanna!

Nefndinni var falið að gera tillögur um aðgerðir sem stuðlað geti að endurreisn svartfuglastofnanna við Ísland. Í skýrslunni kemur fram að ástæðan fyrir fækkun í þessum fuglastofnun eru hnattrænar loftslagsbreytingar og breytingar á fæðuframboði í hafinu í kjölfarið. Það sama hefur komið fram í öðrum skýrslum t.d. í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar. Í þeirri skýrslu eru taldar til margar mögulegar ástæður fyrir fækkun sjófugla og veiðar er aðeins ein af þeim. Nefndin sem skipuð var í sumar hafði ekki um mikið að fjalla viðvíkjandi því sem ráðherra getur tekið á. Í raun er bara eitt sem ráðherra getur haft bein áhrif á og það eru veiðar og nytjar. Því hafði nefndin ekki um margar tillögur að velja til að draga úr afföllum, í raun bara eina; að leggja til bann við veiðum og nýtingu á umræddum tegundum.



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
LANDSSAMTÖK UM SKYNSAMLEGA SKOTVEIÐI
www.skotvis.is

Nefndin leggur til að mikill kraftur verði lagður í rannsóknir á lunda, teistu og svartfuglum. Í ljósi reynslunnar metur SKOTVÍS það hinsvegar svo að lítið verði gert með þær tillögur og rannsóknir verði áfram af skorum skammti.

Í skýrslu nefndarinnar eru 13 tillögur að aðgerðum til að styrkja verndun og sjálfbæra nýtingu. Tillögur 1-4 snúast um bann við veiðum. Tillaga 5 snýr að auknum rannsóknum. Tillögur 6-13 snúa að endurskipulagningu veiðitíma þegar og ef banni verður aflétt, veiðiskýrslur, tilmæli til eggjatíslumanna, stækkun farlægðarmarka við fuglabjörg og átak í fræðslu. Í fimmta lið tillagna segir að setja verði skýr stjórnunarmarkmið til framtíðar fyrir þessar fimm tegundir sjófugla og viðmið fyrir þau skilyrði sem tegundirnar þurfa að uppfylla til þess að hefja megi veiðar að nýju. SKOTVÍS bendir á að ekki sé rétt að setja á bann fyrr en skilgreint og mælanlegt markmið friðunar liggur fyrir. Slíkt markmið þarf að vera raunhæft og taka mið af stofnsveiflum og vera í samræmi við væntingar um þróun stofnanna. Eins og sjá má er ekkert sem nefndin leggur til, eða getur lagt til, varðandi það sem mestu máli skiptir, þ.e. breytingar á fæðuframboði fyrir sjófuglastofnana.

Greinargerð og tillögur SKOTVÍS

Þegar í byrjun nefndarvinnunnar var rætt um hugsanlega ástæðu þess að svartfuglum við Ísland virðist vera að fækka. Það kom líka fram að meiri rannsókna er þörf og í raun er frekar lítið vitað um þá svartfuglastofna sem teljast íslenskir. Á vorin eru framkvæmdar talningar í fuglabjörgum, en mörg ár líða á milli talninga og lítið er vitað um afdrif þessara stofna á veturna og hvað gerist á milli þess sem ekki er talið í björgum.

Breytingar á veðurfari eru þegar farnar að hafa áhrif á dýra- og fuglalíf á Íslandi.

Óhjákvæmilegt, ef svo má segja, og víst að áhrifin eiga eftir að aukast. Mikið hefur verið rætt um hrun í stofni sandsíla við suðurströnd Íslands sem er helsta fæða lunda á varptíma.

Margar ástæður hafa verið nefndar sem orsök fyrir því, til að mynda risavaxnar göngur makríls að Íslandsströndum, stórir árgangar ýsu fyrir fáum árum, sýking í sandsílastofninum, aukið afrán, eldgos o.sv.frv. Eins og oft vill verða skortir rannsóknir og því er fátt um haldbær svör.

Veiðar á bjargfuglum hafa dregist saman og meðalveiðin að sama skapi. Ástæður fyrir því geta verið margar. Nægir að nefna:

- Áhugi fyrir afurðum svartfugla hefur minnkað en nýjir veiðimenn eru margir hverjir ekki vanir við eða aldir upp við kjöt af svartfuglum. Svokallað „sjóbragð“ af villibráð er ekki í tísku í dag! Þess vegna halda þeir síður til veiða og sækja ekki eins stíft að veiða mikið magn, líkt og eldri og reyndari svartfuglsveiðimenn gerðu áður fyrr.
- Veiðarnar einkennast af meiri hófsemi en áður þekktist, en breyting í þá átt er staðreynd, þ.e.a.s. menn veiða fyrir sig og sína en stunda ekki þá iðju að selja veiðina.
- Kostnaður við svartfuglsveiðar hefur aukist mikið, en eins og allir vita hefur verð á olíu hækkað mikið sl. ár og hefur það sannarlega áhrif í þá átt að það þykir dýrt í dag að leigja bát og skipstjóra til að fara á svartfugl.
- Þegar fuglinn heldur sig á svæði þar sem veður skipast fljótt í lofti, langt er að sigla og olían er dýr - er hann nánast sjálfriðaður.
- Síðast en ekki síst. Ef minna er af svartfugli, þá veiðist einfaldlega minna. Þetta þekkja allir veiðimenn. Skotveiðum má e.t.v. líkja við handfærarúllur smábátasjómannanna, þær geta gefið vel þegar mikið er af fiski en þegar hann er lítið við þá veiðist minna.

Að mati SKOTVÍS hafa skotveiðar lítil áhrif á viðkomu bjargfugla á Íslandi en árlega eru skotnir fáir tugir þúsunda svartfugla úr stofnum sem telja milljónir einstaklinga! Ef hlýnun sjávar við



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
LANDSSAMTÖK UM SKYNSAMLEGA SKOTVEIÐI
www.skotvis.is

Ísland er staðreynd, með tilheyrandi breytingum á fæðuframboði, þá er sennilegt að bjargfuglum muni fækka, hvað sem veiðum og hefðbundnum nytjum líður. Það kom fram í máli sérfræðinga á vegum Náttúrufræðistofnunar að umræddir fuglastofnar geti fært sig á landshluta og þess vegna verði friðunaraðgerðir að beinast gegn öllu landinu. Aftur á móti fékkst ekki úr því skorið hvort þessar sömu tegundir færi sig á milli landa, þegar fæðuframboð í sjónum breytist.

Tillögur SKOTVÍS

SKOTVÍS hefur frá stofnun félagsins lagt mikla áherslu á að rannsóknum á stofnum veiðidýra og fugla sé sinnt. Ekki hefur veitt af, en tillögur SKOTVÍS nú ganga út á að rannsóknir verði efdar, ekki er nóg að vakta stofnana með áratuga hléum eins og verið hefur.

Síðastliðið vor var fundað í umhverfisráðuneytinu um veiðar á bjargfuglum og þá þegar lagði SKOTVÍS eftirfarandi til:

- Stækka friðhelgi við fuglabjörg umtalsvert frá því sem nú er (lengra en 500 mtr.)
- Beina því til veiðimanna að hætta veiðum á teistu – en sá stofn glímur við allt aðrar aðstæður en hinir svartfuglarnir og telur mun færri einstaklinga
- Koma á fót langtíma rannsóknum á áhrifum veiða á stofna svartfugla og nota til þess fé úr Veiðikortasjóði.
- SKOTVÍS sjái um að útvega sýnishorn úr afla valinna veiðimanna, sem komið verði til Ní svo hægt sé að skera úr um hvort vorveiðar hafi áhrif á afkomu varpfugla, þ.e.a.s. með krufningu verði hægt að aldurs- og kyngreina aflann sem og greina hvort um varpfugl sé að ræða.
- Veiðimenn verði hvattir til að stunda veiðar af hófi og sýna ábyrgð í umgengni við veiðistofnana.
- Lundaveiðar í háf verði takmarkaðar eins og verið hefur sl. ár.

Það er mat SKOTVÍS að með þessu megi draga úr veiðum og komast betur að áhrifum veiða á svartfuglastofnana. Það sé fyrsta skrefið sem þarf að taka. Algert veiðibann eða miklar takmarkanir á þeim veiðum sem nú tíðkast er marklaus aðgerð og mun spilla fyrir trú veiðimanna á fyrirkomulagi veiðistjórnunar á Íslandi.

Akureyri 9. desember 2011

F.h. SKOTVÍS

Elvar Árni Lund - formaður

Viðauki C

ÚRSAGNARBRÉF FULLTRÚA BÆNDASAMTAKA ÍSLANDS

Umhverfisstjórn
Svandís Svavarsdóttir
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2011

Efni: Úrsögn fulltrúa Bændasamtaka Íslands í starfshópi um stöðu og aðgerðir til endurreisnar svartfuglastofnum.

Með bréfi, dags. 12. september 2011, skipaði umhverfisstjórn starfshóp til þess að gera tillögur um aðgerðir sem stuðlað gætu að endurreisn svartfuglastofna hér við land og styrkt verndun og sjálfbæra nýtingu þeirra. Í starfshópinn var skipuð undirrituð, sem tilnefnd hafði verið af Bændasamtökum Íslands.

Starfshópurinn kom fyrst saman þann 21. september 2011 og hélt vikulega fundi 8 sinnum auk tölvupóstssamskipta. Á fyrstu fundum var farið yfir skýrslur og aðrar upplýsingar, haldin kynning á lundarannsókn í Vestmannaeyjum o.fl. Þegar kom að því að setja skýrsluna saman varð ljóst að stefnuskil urðu milli nefndarmanna. Ljóst er að að hagsmunir landeigenda og réttthafa hlunninda sem máli skipta í þessu samhengi, eru miklir og fara ekki saman við hagsmuni annarra sem í starfshópnum sitja.

Nú stendur fyrir dyrum að skila skýrslunni og á þeim tímamótum sér stjórn Bændasamtaka Íslands sér ekki annað fært en að láta undirritaða segja sig frá starfi hópsins. Undirrituð fellst þannig ekki á veigamiklar niðurstöður sem birtast í skýrslunni sem myndu skerða réttindi landeigenda til framtíðar. Undirrituð getur með engu móti stutt tillögur sem fela í sér varanlegar lagabreytingar vegna hlunnindanýtingar, en til að hægt sé að friða lunda, teistu og egg svartfugla þarf lagabreytingar hvað varðar 20. gr. laga nr. 64/1994, um hlunnindarétt og sölu afurða. Það er ekkert sem bendir til þess að hefðbundin nýting hafi stefnt umræddum stofnum í hættu, fæðubrestur er talin aðalorsök. Fugl flytur sig til eftir æti og því er víðtækum samburðarráttum og vöktun á landsvísu og við nágrannalönd t.d. á teistu og lunda mjög ábótavant. Þannig eru fyrstu rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum sl. 3 ár en samburðartölur á heildarstofnum teistu og lunda eru ekki til sem og ábúahlutfall lunda í holum þar sem fjölgun er eðlileg eða mikil (Norðurland samanborett við Suðurland um þessar mundir). Tölur um ábúahlutfall sem liggja nú fyrir í fyrstu svæðisbundnu rannsóknum á Suðurlandi er þar sem fæðuskortur er talinn mikill og því ekki eðlilegt árferði í varpi. Bændasamtökin hvetja til þess að frekari rannsóknir verði gerðar svo komast megi að niðurstöðu um hverjar eru raunverulegar orsakir þessa brests hjá stofnunum svæðisbundið, en álitid er að fæðuskortur sé aðalorsök.


Undirrituð hefur ítrekað bent á þá leið að gera samning við rétthafa hlunninda, samanber sáttmála um veiðistjórnun sem gerður var í Vestmannaeyjum árið 2009 og fylgt hefur verið síðan meðan stofnarnir verða rannsakaðir betur, þetta á einkum við um lunda og teistu vegna hlunnindanýtingar. Landeigendur í Vestmannaeyjum takmörkuðu einnig hlunnindaveiði árið 2008. Landeigendur eru vörslumenn landsins og best til þess fallnir að fara með veiðistjórnun líkt og skýr dæmi frá Vestmannaeyjum sanna, því það er augljóslega þeirra hagar að ekki verði gengið of nálægt stofnunum. *Bændasamtök Íslands geta stutt takmarkað veiðibann á lunda og teistu sem slíkt sé það talið nauðsynlegt, en ekki í formi lagabreytinga heldur fremur í því formi sem Bændasamtökin hafa lagt til, þ.e. með samningi við landeigendur og rétthafa hlunninda um algert bann tímabundið eða styttingu veiðitímabils.*

Undirrituð vill benda á í þessu samhengi að veiðistjórnun er jákvæð að því er varðar umrædda stofna en engir eru betur til þess fallnir sem og til eftirlits en landeigendur. Þá er mjög nauðsynlegt að vekja athygli veiðimanna á ástandi stofna með aukinni fræðslu. Þá er óhjákvæmilegt, ef ná á árangri í veiðistjórnun, að bæta verulega eftirlit og fræðslu um hvað hlunnindaveiði og almenn veiði felur í sér og hverjar takmarkanir á því eru, s.s. um hvar útgefið kort gildir. Rannsóknnum er mjög ábótavant og upplýsingum um ástand stofnana og orsakir brests í varpi og úr því þarf að bæta. Verulega þarf að bæta upplýsingar á veiðikorti, t.d. tegund veiðikorts, veiðiaðferð, tímabil sem veiði fór fram auk þess sem skráning á eggjatöku og ungum er nauðsynleg. Ennfremur hvort það sé veiðifélag eða einstaklingur sem stendur á bakvið upplýsingar á innsendri veiðiskýrslu. Að mati undirritaðrar er ótækt að miða niðurstöður starfshópsins við ályktanir nokkurra manna. Forgangsröðunin er röng og það fyrirkomulag sem lagt er til getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir sjálfbærni stofnana og sjálfbæra þróun byggða í framtíðinni. Mikilvægt er að efla eftirlit með meðafla líkt og tillaga er um í skýrslu vinnuhóps og leita allra mögulegra leiða til að draga út fugladauða í netum.

Eins og áður sagði sér undirrituð sér ekki fært að skrifa undir skýrslu starfshópsins þar sem niðurstöður hennar eru ótækar. Undirrituð er reiðubúin að veita ráðherra frekari upplýsingar og skýringar á ástæðum þess. Góðfúslega hafið samband ef þess er óskað. Þá eru Bændasamtök Íslands reiðubúin að koma að vinnu við gerð sáttmála við landeigendur sem leiðir til takmörkunar eða samþykkis veiðihlés án lagabreytinga.

Undirrituð telur hættu á að verði lögð fram breyting á lögum varðandi hlunnindanýtingu, t.d. með alfriðun, verði sú ráðstöfun í eðli sínu óafturkræf í framtíðinni, sérstaklega þar sem ekki eru lagðar fram upplýsingar um hvenær afnám veiðibanns getur orðið. Mun farsælla sé að leita sáttaleiðar þar sem veiðimenn og landeigendur eru með í ákvörðunartöku. Ætla má að fyrst það tókst í Vestmannaeyjum ætti það að takast á öðrum stöðum.

F.h. Bændasamtaka Íslands


Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir
atvinnu-, hlunninda- og nýsköpunarráðgjafi

Afrit sent til formanns starfshóps; Sigurðar Þráinssonar Umhverfisráðuneytinu.